

Sæl

Gerð er tillaga um eftirfarandi viðbót á 10. grein frumvarpsins, sem fjallar um 65. grein laga nr. 80 frá 2016 (undirstrikaður texti):

10. gr.

Í stað orðanna „sex mánuði“ í 8. mgr. 65. gr. laganna kemur: þrjú ár.

Heimilt er að endurnýja í 6 mánuði dvalarleyfi nemanda í sjúkraliðanámi í kvöldskóla sem á síðustu 3 önnum námsins getur ekki tekið fullt nám vegna skilyrða um undanfara.

Greinargerð:

Undanfarna mánuði hafa stjórnendur í Fölbrautaskólans í Breiðholti staðið í bréfaskriftum við Útlendingastofnun og mennta- og barnamálaráðuneytið vegna erlendra sjúkraliðanema sem koma frá Asíu og stunda sjúkraliðanám í kvöldskóla FB.

Þannig er mál með vexti að Útlendingastofnun gerir þá kröfu til nemenda sem sækja um dvalarleyfi á grundvelli náms að þau stundi fullt nám, 30 einingar. Þetta er gert með tilvísun í 65. gr. laga um útlendinga.

Nemendurnir sem um ræðir búa yfir góðri menntun frá heimalandi sínu. Þau fá mjög mikið metið af námi sínu að heiman og eiga flest bara eftir séráfangu brautarinnar. Þá áfanga þarf að taka í ákveðinni röð. Þannig er ekki er hægt að taka næsta hjúkrunaráfanga og vinnustaðanám fyrr en búið er að ljúka undanfara. Nemendurnir geta því alls ekki skráð sig í eins margar einingar og gerð er krafa um fyrir veitingu dvalarleyfis.

Skólinn telur brýnt að hægt sé að koma til móts við nemendur. Þau munu verða mjög færir sjúkraliðar að námi loknu. Til að geta lokið námi sínu þurfa nemendurnir að fá ráðrúm til að taka námið samkvæmt því ferli sem skilgreint er í námskrá. Það þýðir færri einingar á önn í lengri tíma. Til að það sé hægt, þarf að koma til breyting á 65. grein laga um útlendinga. Þess vegna er lagt til að sett verði inn ný klausa í lagagreininna, um nemendur í sjúkraliðanámi.

Í þessu samhengi er vert að minna á þá miklu þörf sem er á heilbrigðismenntuðu starfsfólki í landinu. Ljóst má vera að útlendingar sem vilja læra til sjúkraliða hér á landi geta hjálpað til að leysa mönnunarvanda heilbrigðiskerfisins.

Virðingarfyllst,

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari



Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5

111 Reykjavík

Símar: 570 5611 og 899 2123

www.fb.is